



## Giljadrög við miðbaug

Hér sjáum við árekstragig sem er um 900 metra breiður og hefur áberandi giljadrög á öllum innri börmum sínum, nema í norðvesturhliðinni. Gígurinn myndaðist við hlið forns farvegs, svo norðvesturhlutinn hrundi ofan í farveginn þannig að hliðarnar eru ekki eins brattar.